

Rannveig Einarsdóttir,

sviðsstjóri Fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði

Hafnarfirði, 6. apríl 2018

Efni: Beiðni um aukin stöðugildi í barnavernd Hafnarfjarðar

Við undirritaðir starfsmenn barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar viljum benda á hversu miklu auknu álagi starfsmenn hafa mætt síðustu ár.

Í október 2016 var sett á fót heimilisofbeldisteymi. Í því eru tveir barnaverndarstarfsmenn ásamt sálfræðingi Fjölskylduþjónustunnar og sinnir teymið öllum nýjum heimilisofbeldismálum. Á síðasta ári tóku starfsmenn teymisins um 80 viðtöl auk þess að sinna annarri vinnslu heimilisofbeldismála. Þessi vinna er til viðbótar við almenna barnaverndarvinnslu.

Barnaverndarstofa gerir miklar kröfur til barnaverndarstarfsmanna um fagleg vinnubrögð og mikla skráningu. Auk þess er ætlast til að notuð séu gagnreynd matstæki, s.s. ESTER við vinnslu mála. Slík vinnsla tekur aukinn tíma að vinna.

Samkvæmt viðmiðum Barnaverndarstofu um æskilegan mála fjölda fyrir hvern starfsmann mælast starfsmenn barnaverndar Hafnarfjarðar langt yfir æskilegum viðmiðum. Til samanburðar við Kópavog má þess geta að stöðugildi þar í barnavernd eru 12,8 en í Hafnarfirði er stöðugildi 9,9. Vilyrði hefur fengist fyrir einu stöðugildi til viðbótar í barnavernd Kópavogs. Tilkynningar í Kópavogi eru þó mun færri en í Hafnarfirði eins og smá má á töflunni hér fyrir neðan.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	2015		2016		2017	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur	3.948	46,3	4.119	44,2	4.244	42,6
Fjölskyldunefnd Seltjarnarness	38	0,5	52	0,6	57	0,6
Barnavernd Kópavogs	791	9,3	689	7,4	828	8,3
Fjölskylduráð Garðabæjar	259	3,0	313	3,4	319	3,2
Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar	876	10,3	1.047	11,2	1.120	11,2
Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar	479	5,6	533	5,7	598	6,0

Starfsmenn vilja geta sinnt vinnu sinni af fremstu fagmennsku og alúð. Eins og flestum er kunnugt um hefur kastljós fjölmiðla í auknum mæli beinst að vinnslu barnaverndarmála. Nú er svo komið að starfsmenn upplifa að komið sé að þolmörkum í starfi og nauðsynlegt sé að spyrna við fótum og að barnaverndin fái aukin stöðugildi.

Starfsmenn fagna nýju teymi snemmtækrar íhlutunar og vinnubragða Hafnarfjarðar móðelsins (í anda Herning, sem einnig leggur áherslu á færri mál á hvern ráðgjafa) en gera má ráð fyrir að í upphafi munu málum fjölga áður en marktækur árangur næst.

Með von um góðar undirtektir

Könnunin Ögmundur
Olína Bizisdóttir
Helena Unnarsdóttir

Mattíldur Jóhannsdóttir
Kristný Steingrimsdóttir

Hildigunnur Björnsdóttir
Halgerður Ólafsdóttir

Olaf Lára Agústsdóttir

Ellen Svava Guðlaugsdóttir

Ólaf Örn Sigurðsson